

# Aðalfundur FETAR

**Dagsetning:** 26.04.2022

**Fundarstaður:** Félagsheimili Ferðaklúbbsins 4x4 í Síðumúla 31.

**Fundartími:** 20:00

**Mættir eru:**

- Baldvin Jónsson
- Jón Páll Baldvinsson
- Kristján G. Kristjánsson
- Páll Halldór Halldórsson
- Sveinn Sigurður Kjartansson

---

## Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram. Formaður fer yfir störf stjórnar.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar. Gjaldkeri félagsins leggur fram reikninga fyrir síðasta ár.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar.
6. Ákvörðun félagsgjalds.
7. Önnur mál.

---

## 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setur fundinn og tilnefnir ritara og fundarstjóra. Fundarstjóri er Baldvin Jónsson og fundarritari er Sveinn Sigurður Kjartansson.

---

## 2. Skýrsla stjórnar

Liðið ár frá síðasta aðalfundi hefur verið sérstakt. Starfsemi fyrirtækja hefur verið takmörkuð og brokkgeng vegna faraldursins. Stjórn FETAR hélt þó ótrauð áfram vinnu við hagsmunagæslu og kynningu á mikilvægi fyrirtækja innan FETAR sem og kynningu á FETAR landssamtökum almennt.

Fundur með fostjóra og yfirstjórnendum Vegagerðarinnar þar sem rædd voru ýmis mál. FETAR lagði fram afstöðu sína gegn uppbyggingu vega á hálendinu. Óbrúaðar ár og illfærir slóðar og fjallvegir vernda hálendið fyrir umferð bílaleigubíla og annarra ferðamanna sem ekki hafa ökutæki til þess búin að ferðast þar um. Vegagerðin kynnti möguleg áform um uppbyggingu Kjalavegar og leggst FETAR alfarið gegn því að hálendisvegir verði gerðir öllum færir en leggst ekki gegn hefðbundnu viðhaldi og að laga niðurgrafna kafla sem geta ýtt undir utanvegaakstur þegar pollar myndast þar í, svo eitthvað sé nefnt.

Hjörleifshöfðamálið. Fulltrúar nýrra landeigenda á Hjörleifshöfða ætluðu sér að loka veginum að Kötlujökli og setja upp vegatoll. FETAR tóku harða afstöðu gegn þeim fyrirætlunum og fengu fleiri félög og stofnanir í lið með sér sem varð til þess að áform landeigenda gengu ekki eftir, enda ólögleg.

Geldingadalsgosið og aðgengismál voru í brennidepli vegna eldossins. Unnið var að því að fá aðgengi að gossvæðinu um fyrirbyggjandi slóða, jafnvel gegn greiðslu en náðist ekki árangur í því fyrir goslok.

Kolefnisjöfnun FETAR: Skógrækt Kópavogs við Fossá í Hvalfirði. Tilgangurinn er kolefnisjöfnun FETAR. Skógræktin við Fossá er frábær sælureitur þar sem hægt er að fara í lautarferðir og nú í framhaldinu auka við súrefnisframleiðslu og kolefnisbindingu með því að bæta við gróður landsins. Ekki er loku fyrir það skotið að þar verði til FETAR lundur þar sem við mættum setja upp bekki og borð til að auðvelda heimsóknir seinni tíma. Stefnt er að því að halda þessu verkefni áfram með þátttöku félagsmanna.

Stærstu málin sem varða hagsmunaaðila innan vébanda FETAR hafa komið upp vegna aðgerða Umhverfisráðuneytisins á hálendinu. Ráðuneytið og undistofnanir hafa haldið áfram að þrengja að atvinnu-

og ferðafrelsi á hálendi Íslands. Takmarkanir á akstri á Fjallabaki voru kynntar vorið 2020 en með samvinnu við F4x4 og LÍV tókst að draga þær takmarkanir niður í bann við akstri utan veglínu á snjó í 50 metra radíus frá hverum á svæðinu.

Miðhálandisþjóðgarður. Stjórn FETAR lagði mikla vinnu í baráttuna gegn áformum þáverandi umhverfisráðherra og frumvarpi um miðhálandisþjóðgarð og fundaði m.a. með Borgþóri Ólasyni þá formanni samgöngunefndar alþingis, Vilhjálmi Árnasyni núverandi formanni samgöngunefndar og stjórnarmanni í Vatnajökulsþjóðgarði, Jóni Gunnarssyni, Loga Einarssyni og Hönnu Katrínu Friðriksdóttur þingmönnum um málið. FETAR styrkti gerð límmiða sem kenndir eru við örlítinn grenjandi minnihluta sem 4x4 klúbburinn stóð fyrir.

---

## Á döfinni

- Þjóðgarðar eru enn í uppsiglingu innan stjórnkerfisins og er aðhald mjög mikilvægt til að Íslendingar haldi Almennarétti sínum.
- Áframhaldandi kynning á starfsemi félaga innan FETAR og hvað þau standa fyrir í ferðaþjónustu á Íslandi. Sérstafa þeirra félaga og aðkoma að ferðaþjónustu almennt, þróun, úrbætur og samvinna.
- Efla félagaskrá FETAR:
  - hafa samband við skráða FETAR félag, uppfæra tengla upplýsingar og styrkja tengslin.
  - fjölga skráðum félögum í FETAR með því að:
    - hafa samband við forsvarsmenn fyrirtækja sem ættu að vera í FETAR starfsemi sinnar vegna og hvetja þá til þátttöku.
    - halda kynningarfundum á landsbyggðinni, sérstaklega fyrir austan þar sem íshellafyrirtækin eru mörg og sterk í sinni þjónustu.
- Vegagerðin og Umhverfisstofnun eru áframhaldandi verkefni og er stefnt á nýja fundi með þeim aðilum til að ræða lokanir á vordögum o.fl.
- Samstarf við Landsbjörg er enn í skoðun m.t.t. aðgengis að tækjabúnaði og sérþekkingu aðila innan FETAR. Slíkt samstarf myndi einnig auka hróður FETAR.
- Límmiðar FETAR: uppi hefur verið sú hugmynd að prenta sérstaka FETAR límmiða sem líma má í framrúður bifreiða FETAR liða til að auðkenna þá frekar útávið. Stefnt er að því að gera þetta að veruleika á þessu ári.
- Ruslatýnsla/plokk hefur komið til tals t.a.m. við strendur landsins. Nefnd hefur t.a.m. verið Skarðsfjara við Skaftárósa þar sem töluverðu magni rusls hefur skolað á land, plastkössum, netadræsum, köðlum, flotholtum, flöskum o.s.frv. Hægt væri að kynna slíkt átak opinberlega í kynningarskyni. Það myndi styrkja ímynd FETAR og efla tengingu við tilheyrandi sveitarfélög og Umhverfisstofnun sem slík verkefni yrðu í samstarfi við.

---

## 3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Gjaldkeri leggur fram reikninga síðast árs sem eru:

- Lénið [www.fetar.is](http://www.fetar.is) hjá Internet á Íslandi 6.330 kr.
- VHF rás FETAR hjá fjarskiptastofnun 15.750 kr.
- Styrkur til límmiðaverkefnis Ferðaklúbbsins Örlítill grenjandi minnihluti á vegum 4x4 100.000 kr.
- Vinna við að setja upp heimasíðu FETAR aftur eftir að ráðist var inn á hana og hún skemmd. Verkið vann Davíð hjá Jötunheimum GE slf. 87.978 kr.
- Þjónustugjöld banka vegna innheimtu félagsgjalda o.fl. samtals 24.562 kr.
- Innvextir 1.379 kr.
- Fjármagnstekjuskattur 303 kr.

Útistandandi eru 140.000 kr. vegna félagsgjalda fyrir árið 2021.

Staða á reikningum félagsins er í dag:

- Aðalreikningur: 2.956.347 kr.
- Aukareikningur: 3.597 kr.

---

## 4. Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fram.

---

## 5. Kosning stjórnar

Í fráfarandi stjórn sitja:

- Baldvin Jónsson - Meðstjórnandi
- Hinrik Bjarnason - Meðstjórnandi
- Jón Páll Baldvinsson - Formaður
- Kristján G. Kristjánsson - Gjaldkeri
- Sveinn Sigurður Kjartansson - Ritari

Í stjórn eru kosnir:

- Ársæll Hauksson - Meðstjórnandi
  - Baldvin Jónsson - Meðstjórnandi
  - Jón Páll Baldvinsson - Formaður
  - Kristján G. Kristjánsson - Gjaldkeri
  - Sveinn Sigurður Kjartansson - Ritari
- 

## 6. Ákvörðun um félagsgjald

Samþykkt var að halda félagsgjaldi óbreyttu sem er 20.000 kr. á ári, greitt með eingreiðslu í byrjun hvers almanaksárs.

---

## 7. Önnur mál

Fram hafa komið tillögur um að greiða formanni og stjórnarmönnum umbun vegna þeirra starfa fyrir samtökin. Aðalfundur samþykkti tillögu þar að lútandi sem hér segir, til eins árs:

- Formaður fær greiddar 60.000 kr. á mánuði í umbun.
- Aðalmenn í stjórn fá greiddar 15.000 kr. á mánuði í umbun.
- Meðstjórnendur fá ekki greidda umbun.

Fram kom tillaga þess efnis að FETAR sendi dekkjaframleiðandanum Mickey Thompson bréf vegna fréttu þess efnis að framleiðsla þeirra á 46" Baja Claw verði hætt. Bréfið yrði sent í gegnum umboðsaðila Mickey Thompson á Íslandi Icetrack ehf. Umrædd dekk hafa spilað mjög stórt hlutverk í umhverfi breyttra farartækja á Íslandi, ekki síst atvinnutækja.

Undirskrift nýrrar stjórnar

Ársæll Hauksson

Baldvin Jónsson

Jón Páll Baldvinsson - formaður

Sveinn Sigurður Kjartansson - ritari

Kristján G. Kristjánsson - gjaldkeri

---